

Vinnum saman að alþjóðlegum samningi

FYRIR NÁTTÚRU OG FÓLK

Ungt fólk virkjað til að setja
markmið um líffræðilega
fjölbreytni, vistkerfi og
sjálfbæra notkun



Vinum saman að alþjóðlegum samningi fyrir náttúru og fólk
Ungt fólk virkjað til að setja markmið um líffræðilega
fjölbreytni, vistkerfi og sjálfbæra notkun

Nord 2019:052

ISBN 978-92-893-6385-3 (PRINT)

ISBN 978-92-893-6386-0 (PDF)

ISBN 978-92-893-6387-7 (EPUB)

<http://dx.doi.org/10.6027/NO2019-052>

© Norrænt samstarf 2019

Umbrot: Gitte Wejnold, Louise Jeppesen, Erling Lynder
Kápumynd: Unsplash.com

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efld í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norðurlandaráð

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

www.norden.org

Hlaða niður og panta norræn rit: www.norden.org/nordpub.

VERKFÆRASETT

Vinnum saman að alþjóðlegum samningi FYRIR NÁTTÚRU OG FÓLK

Ungt fólk virkjað til að setja markmið
um líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi
og sjálfbæra notkun

Höfundar: Christian Prip (Stofnun Friðþjófs Nansens, Noregi),
Thor Hjarsen (WWF: Alþjóðlega náttúruverndarsjóðunum, Danmörku),
Bjørn Bedsted (Dönsku tækninefndinni, Danmörku) og Mette Gervin
Damsgaard (Norðurlandaráði).

Ritnefnd: Mette Gervin Damsgaard (Norðurlandaráð), Eva Juul
Jensen (Norræna ráðherranefndin), Sígga Jacobsen (Norræna
ráðherranefndin), Melina Sakiyama (Global Youth Biodiversity
Network), Tine Svendsen (Den Grønne Studenterbevægelse),
Gustaf Zachrisson (lærlingur hjá Náttúruverndarsamtökum
Svíþjóðar / Naturskyddsföreningen), Karolina Lång (Norðurlandaráð
æskunnar), Nicholas Kujala (Norðurlandaráð æskunnar), Elva Hrönn
Hjartardóttir (Norðurlandaráð æskunnar), Annika Lepistö, Lovisa Roos
(Fältbiologerna Sverige), Monika Skadborg (Loftslagsráð Danmerkur)
og Ann-Katrine Garn (formaður – IUCN landsnefnd Danmerkur) og
Christa Elmgren (Norðurlandaráð æskunnar)

„Með nýja alþjóðlega samningnum um líffræðilega fjölbreytni gefst kynslóðunum færi á að koma saman með réttssýni að leiðarljósi. Byrjum á því að mynda eina öfluga heild og láta rödd okkar heyrast.“

GUSTAF ZACHRISSON, LÆRLINGUR HJÁ
NÁTTÚRUVERNDARSAMTÖKUM SVÍÐJÓÐAR

Efnisyfirlit

7	NÝR SAMNINGUR FYRIR NÁTTÚRU OG FÓLK
11	Hluti 1
20	TAP Á LÍFFRÆÐILEGRI FJÖLBREYTNÍ – HVAÐ ER Í HÚFI? SPURNINGAR
23	Hluti 2
30	ALÞJÓÐLEG MARKMIÐ UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ SPURNINGAR
33	Hluti 3
35	ÞÁTTAKA OG ÁBYRGÐ UNGS FÓLKSPURNINGAR
37	Hluti 4
41	TENGL LÍFFRÆÐILEGRAR FJÖLBREYTNÍ OG LOFTSLAGSBREYTINGA SPURNINGAR
43	Hluti 5
45	VERKFÆRI FYRIR INNLEIÐINGU Á NÝJUM SAMNINGI SPURNINGAR
46	TILLÖGUR
47	VIÐBÓTARSPURNINGAR MATSLOTA



Handbók: um skipulagningu samráðs við ungt fólk
Vinum saman að alþjóðlegum samningi fyrir náttúru og fólk
<http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:norden:org:diva-5689>



Nýr samningur fyrir náttúru og fólk

Kynning á verkfærasetti

Við viljum að þú, vinir þínir og kunningjar taki þátt og aðstoði við núverandi alþjóðlegar samningaviðræður um líffræðilegan fjölbreytileika.

Hvað er þetta?

Velkomin í verkfærasettið til að stuðla að þátttöku ungs fólks við setningu nýrra markmiða fyrir vernd og sjálfbæra notkun á líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum og tryggja þannig nýjan alþjóðlegan samning fyrir náttúruna og fólk! Þetta verkfærasett stendur ungu fólk til boða og þeim sem vilja hvetja ungt fólk til að þróa nýjan alþjóðlegan samning fyrir náttúru og fólk. Öllum sem vilja skipuleggja, greiða fyrir og taka þátt í slíku samráði við ungt fólk er frjálst að nota verkfærasettið. Hægt er að koma niðurstöðunum á framfæri við handhafa ákvörðunarvalds, almenning og viðeigandi stofnanir sem hluta af fjöldahreyfingu ungmenna um allan heim.

Gert er ráð fyrir að nýr samningur fyrir náttúru og fólk verði samþykktur í árslok 2020. Frekari upplýsingar um ferlið og ungmennastarfið er að finna á eftirfarandi tenglum.

Frekari upplýsingar um alþjóðlega samstarfið má finna á <https://www.cbd.int/conferences/post2020>

Frekari upplýsingar um Global Youth Biodiversity Network má finna á <https://www.gybn.org/>

Frekari upplýsingar um skipulagningu samráðs við ungt fólk má finna í *Handbók um skipulagningu samráðs við ungt fólk – Vinnum saman að alþjóðlegum samningi fyrir náttúru og fólk* - <http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:norden:org:diva-5689>

Með því að kynna þér þetta verkfærasett, svara spurningunum og skipuleggja og taka þátt í samráði við ungt fólk gefst þér tækifæri til að taka þátt í að móta alþjóðlegan samning fyrir náttúru og fólk og vekja athygli ríkisstjórna og annarra handhafa ákvörðunarvalds.

Við vonumst eftir þátttöku þinni. Við þurfum á henni að halda - því þetta er þín framtíð líka.

Hvað er í húfi?

Líffræðilegum fjölbreytileika, sem nær yfir vistkerfi, dýrategundir og erfðaauðlindir, fer hnignandi um alla plánetuna, allt frá norðurskautinu til hitabeltisskóga og kóralrifjum til úthafa. Sumir halda því fram að heimurinn standi frammi fyrir stórfelldri útrýmingu dýrategunda í sjötta sinn sem er sambærileg við útrýminguna sem átti sér stað fyrir um 65 milljónum ára þegar risaeðlurnar dóu út. Í dag horfum við upp á að villtar dýrategundir deyi 100-1000 sinnum hraðar út en við „náttúrulega“ útrýmingu. Í þetta skipti er hún líka af mannavöldum.

Þetta er alþjóðleg áskorun af svipaðri stærðargráðu og loftslagsbreytingar. Ef við töpum dýrategundum og vistkerfum munu þau aldrei koma aftur.

Löndin sem hafa undirritað samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni ætla að funda í Kunming í Kína í október 2020 til að samþykka nýjan alþjóðlegan samning fyrir náttúruna til að snúa við þessari hnignun dýrategunda og eyðingu búsvæða og vistkerfa. Niðurstöður aðgerða sem byggja á þessu verkfærasetti, verða notaðar með beinum hætti í ferlinu.

Gæði þessa nýja samnings fyrir náttúruna mun hafa áhrif á komandi kynslóðir og ástand umhverfis. Því er mjög mikilvægt að ungt fólk hafi rödd og komi á framfæri hugmyndum sínum og tillögum fyrir slíkan nýjan samning þar á meðal við setningu nýrra markmiða til að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni.

Af hverju þurfum við alþjóðleg markmið fyrir líffræðilega fjölbreytni?

Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni var samþykktur árið 1992 með það fyrir augum að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni og varðveita vistkerfi. Þrátt fyrir aðgerðir til aukinnar náttúruverndar og sjálfbærni hafa rannsóknir sýnt að heimurinn er langt frá því að stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni og eyðingu vistkerfa á jarðkringrunni.

Nýlega var fjallað um þetta á vegum Milliríkjavettvangs Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og þjónustu vistkerfa, í alþjóðlegu matsskýrslunni þeirra frá maí 2019 (<https://www.ipbes.net/global-assessment-report-biodiversity-ecosystem-services>).

Árið 2010 samþykktu 196 samningsríki Samnings sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni vandaðan stefnuramma og 20 markmið um líffræðilegan fjölbreytileika - hin svokölluðu Aichi-markmið. Vísað er til stefnuáætlunarinnar sem Stefnuáætlunar um líffræðilega fjölbreytni 2011-20.

En núverandi Aichi-markmið munu renna út 2020 svo Nýr samningur fyrir náttúru og fólk með nýjum markmiðum verður samþykktur 2020.

Hvernig á að nota verkfærasettið?

Þú verður hluti af alhliða og alþjóðlegu samstarfi til að móta nýja samninginn.

Með verkfærasettinu fást nýjustu upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni, samning sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika og framkvæmd samningsins. Einnig er að finna yfirlit yfir helstu lykilmál og álitæfni sem þarf að ræða um í tengslum við setningu nýrra markmiða fyrir líffræðilega fjölbreytni.

Hver „hluti“ verkfærasettsins samanstendur af grunnupplýsingum og spurningalista. Spurningarnar tengjast þekktum forgangsatriðum og vandamálum sem þú færð upplýsingar um. Þú getur útfært svör þín frekar með því að svara spurningunum *AF HVERJU?* eða *skýrðu nánar*.

Við þurfum á rödd þinni að halda til að hjálpa til við gerð þessa Nýja samnings fyrir náttúru og fólk og setningu nýrra markmiða!



Hvernig sendum við inn svör?

Ef þú ert frá einhverju Norðurlandanna (Grænlandi, Álandseyjum, Íslandi, Svíþjóð, Færeyjum, Finnlandi, Noregi eða Danmörku) sendir þú svarið þitt til **youthinput@us.fo**

Hvernig verður framlag okkar notað?

Norðurlandaráð (NR) og Norræna ráðherranefndin (NRN) bera ábyrgð á þessu verkfærasetti og munu þau safna og vinna úr skýrslunum frá vinnusmiðjunum sem hafa verið haldnar á Norðurlöndunum.

Samantektarskýrsla með tilmælum ungs fólk fyrir Alþjóðlegan samning fyrir náttúru og fólk verður unnin út frá niðurstöðum samráðs við ungt fólk á Norðurlöndunum. Samantektarskýrslan verður notuð með beinum hætti við samningaviðræður sendinefndar ungs fólks frá öllum Norðurlöndunum fyrir Nýja samninginn fyrir náttúru og fólk.

Samantektarskýrslan verður einnig lögð fyrir Norrænu ráðherranefndina og Norðurlandaráð.

Samantektarskýrslan verður gerð aðgengileg á netinu á **www.norden.org**.

Þeim sem búa utan Norðurlandanna og vilja skipuleggja, greiða fyrir og taka þátt í samráði við ungt fólk er frjálst að nota verkfærasettið. Hægt er að koma niðurstöðunum á framfæri við handhafa ákvörðunarvalds, almenning og viðeigandi stofnanir, þar á meðal skrifstofu samningsins um líffræðilega fjölbreytni, sem hluta af fjöldahreyfingu ungmenna um allan heim.

Hverjir standa að baki verkfærasettinu?

Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin í samstarfi við ungt fólk frá Norðurlöndunum.



„Frá árinu 1900 til dagsins
í dag hefur samanlögð
útrýmingartíðni
froskdýra um það bil
tífoldast miðað við
tíðnina frá 1800 til 1900“

Hluti 1

Tap á líffræðilegri fjölbreytni – Hvað er í húfi?

Hluti 1

Tap á líffræðilegri fjölbreytni – Hvað er í húfi?

Hvað er líffræðileg fjölbreytni?

Líffræðilegur fjölbreytileiki eða líffræðileg fjölbreytni er vefur lífsins: innviðirnir sem stuðla að öllu lífi allt frá genum og litningum yfir í sveppi, plöntur, dýr og vistkerfi á landi, í ferskvatni og í sjónum: Allt er samtengt og háð hvert

öðru í óþrjótandi vef flókinna og fjölbreyttra vistfræðilegra víxlverkana og sambanda.

Þessi vefur tekur stöðugum breytingum, þróast með tímanum með síbreytilegum hætti en viðheldur á sama tíma heildstæðni kerfisins sem ber ábyrgð á

BOKS 1

Vistkerfi sem eru rík af líffræðilegri fjölbreytni á landi og í sjó

Náttúrulegir skógar þekja nærri einn þriðja hluta yfirborðs jarðarinnar og hýsa stóran hluta líffræðilegs fjölbreytileika heimsins á landi.

- Talið er að helmingur dýrategunda heimsins finnist í skóglendi einkum í hitabeltisskógum þar sem mikið af dýrategundum er að finna.
- Stór munur er á milli svokallaðra frumskóga, skóga sem nýbúið er að höggva og ræktaðra skóga.
- Skógar eru líka ein mikilvægasta uppspretta manna fyrir endurnýjanlegar náttúruauðlindir, en þeir sjá fyrir timbri fyrir eldsneyti, byggingarefni, pappír og vörur úr öðrum efnum.
- Um 240 milljón manns búa á skógivöxnum svæðum og næstum því 1,6 milljarður manna – yfir 25% af íbúafjölda heimsins – treystir á skógarauðlindir fyrir lífsafkomu sína.

Kóralrif eru skógar heimshafanna með tilliti til mikils líffræðilegs fjölbreytileika.

- Þau sjá fiski fyrir fæðu, verja gegn náttúruvá og stýra loftslaginu. Allt að hálfur milljarður manna er efnahagslega háður kóralrifjunum, til dæmis við fiskveiðar og ferðamennsku.
- Nærri 200 milljónir manna treysta á kóralrif sem vernd gegn sjávarflóðum og öldum.
- Samkvæmt einu mati (2003) er hreinn heildarávinningur á ári af kóralrifjum heimsins 29,8 milljarðar Bandaríkjadala.
- Ferðamennska og tómstundir eru 9,6 milljarðar Bandaríkjadalar af þessari upphæð, verndun strandsvæða 9,0 milljarðar Bandaríkjadalar, fiskveiðar 5,7 milljarðar bandaríkjadalar og líffræðilegur fjölbreytileiki 5,5 milljarðar bandaríkjadalar. Þetta er beinn ávinningur en einnig kostnaðurinn ef koma þyrfti á fót svipaðri þjónustu eða bjóða upp á þjónustu í staðinn fyrir þessa.



því að tryggja allar nauðsynlegar aðstæður fyrir því að lífverur þrífist á plánetunni.

Líffræðileg fjölbreytni er líf.

Vísindi skilgreina líffræðilega fjölbreytni í þremur stigum:

1. Vistkerfi (allar gerðir villtrar náttúru eins og skógar, eyðimerkur, kóralrif, o.s.frv.)
2. Dýrategundir (hópur lífvera með svipaða einstaklinga sem geta skipst á genum eða átt afkvæmi saman)
3. Genafjölbreytni (tilbrigði á genaupplýsingum meðal villtra dýrategundastofna. Þessi tilbrigði stuðla að þróun og geta stafað af stökkbreytingum, umhverfisþáttum eða samkeppni á milli dýrategunda).

Því fjölbreyttari og breytilegri sem lífverurnar eru því meiri er líffræðilegi fjölbreytileikinn. Hitabeltissvæði eru því almennt með meiri

líffræðilega fjölbreytni en heimskautasvæðin – en allar lífverur sama hvar þær eru hafa aðlagast að því náttúrulega umhverfi þar sem þær lifa og tengjast hver annarri með einstökum hætti eftir þróun í milljónir ára.

Þó að líffræðileg fjölbreytni sé alls staðar á jörðinni dreifist hann ekki með jöfnum hætti um hnöttinn. Sum svæði eru með makalaust mikinn fjölda dýrategunda á meðan önnur eru með hópa af dýrategundum með mjög takmarkaða útbreiðslu svo að þær eru berskjaldaðar fyrir eyðingu búsvæða á því litla svæði sem þær búa. Það verður að forgangsraða verndun á slíkum svæðum en þau eru kölluð *heitir reitir*.

Sem dæmi hafa vísindamenn auðkennt 25 alþjóðlega mikilvæga heita reiti á landi og í sjó þar sem ótrúlegur fjöldi dýrategunda í útrýmingarhættu verður fyrir ótrúlegum missi búsvæða.

Af hverju skiptir líffræðileg fjölbreytni máli?

Ef við hefðum ekki skordýr og önnur frævandi dýr til að flytja frjókorn á milli blóma, sem er nauðsynlegt fyrir ávexti og fræ, myndum við missa meirihluta ávaxta-, grænmetis- og hnetutegunda. Við fengjum ekkert kaffi á morgnana ef skordýra og annarra frævandi dýra nyti ekki við!

Menn eins og aðrar dýrategundir á plánetunni eru hluti af flóknum lífsvef. Við erum tengd honum og háð viðnámsþrótti þessa lífkerfis til að komast af – fyrir hráefni, vatn, matvæli, lyf og orku, frævn tiltekinna nytjaplantna, myndun jarðvegs og vernd gegn flóðum, stormum og jarðvegseyðingu en einnig fyrir afþreyingu, innblástur og trúarlegan tilgang.

Þetta samspil líffræðilegrar fjölbreytni og vatns, steinefna og loftslagsins tryggir viðtæka og lífssnauðsynlega ferla til að styrkja framleiðslu, viðskipti, líf skjör og neyslu í öllum löndum (sjá reit 1).

Líffræðileg fjölbreytni er líka mikilvæg ein og sér. Náttúran skipar veglegan sess í nánast öllum menningarheimum þegar kemur að hefðum, trú eða andlegum málum. Mörgum finnst það vera siðferðileg skylda sín að láta börnunum sínum í hendur sömu náttúru og þeir hafa notið og trúa því að aðrar dýrategundir eigi tilverurétt hvort sem mannverur þurfi á þeim að halda eður ei.

Því getur verið erfitt að mæla verðmætin sem felast í líffræðilegri fjölbreytni og deilt er um notin af slíku mati. Hvaða verðmæti eru, til dæmis, fólgin í tiltekinni fallegum fiðrildategundum samanborið við hávaxið hitabeltistré sem nota má í timbur? Auk þess sem ýmis konar not og afurðir náttúrunnar sem stuðla að lífsgæðum manna, fara ekki alltaf saman.

Það getur til dæmis vel verið að ósjálfbær framleiðsla á matvælum, dýrafóðri, við og lífefnaorku leiði til eyðingu skóga, kóralrifja og annarra svæða þar sem líffræðileg fjölbreytni er mikil. Staðreyndin er sú að umbreyting og eyðing búsvæða af mannavöldum er helsti hvatinn fyrir

tapi á líffræðilegum fjölbreytileika og erum við nú að sjá áhrifin af því.

Án „mannlega þáttarins“ – eiginlegt gildi líffræðilegrar fjölbreytni


- Að því er við best vitum er jörðin eini staðurinn í heiminum sem elur af sér líf – þ.e. líffræðilegan fjölbreytileika.
- Fuglar, plöntur, fiðrildi, froskar og tré eru allt einstakar og óviðjafnanlegar lífverur sem við deilum plánetunni með og þær eiga jafnan rétt til þess að vera hér og við mannverurnar. Ef þær deyja út munu þær aldrei snúa aftur á sama sniði.
- Svæði með mikla líffræðilega fjölbreytni, þ.e. með mikla genafjölbreytni, eru líklegri til að veita meira viðnám gagnvart hugsanlegum breytingum á umhverfi þeirra í framtíðinni.
- Vistkerfi og einstaka tegundir eru háð hvort öðru bæði í stöðugum kerfum og óstöðugum eftir náttúruhamfarir o.s.frv.

Með „mannlega þættinum“ – gildi líffræðilegrar fjölbreytni fyrir fólk (heimild: IPBES, 2019):

- Yfir 2 milljarðar manna treysta á við sem eldsneyti til að uppfylla frumorkuþarfir þeirra.
- Um 4 milljarðar manna treysta aðallega á náttúrulækningar þegar kemur að heilbrigðisþjónustu.
- 70% þeirra lyfja, sem við notum til að meðhöndla krabbamein, eru náttúrulyf eða tilbúin lyf sem sækja innblástur í náttúruna.
- 75% matvælauppskeru treystir á frævn af völdum dýra.
- Vistkerfi á landi og í sjó eru svelgir fyrir kolefnisútblástur. Þau binda 5,6 gígatonn af kolefni á ári en það jafngildir 60% allrar kolefnislosunar manna.

Hver er staða líffræðilegrar fjölbreytni og hvað er í húfi?


Í maí 2019 hleypti Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir líffræðilegan fjölbreytileika og þjónustu við vistkerfin (IPBES), oft vísað til sem „IPCC fyrir líffræðilegan fjölbreytileika“, af stökunum Alþjóðlegri matsskýrslu um líffræðilegan fjölbreytileika og þjónustu við vistkerfin – en það er ítarlegasta skýrslan um



Mynd 1. Ávinningur af náttúrunni
(heimild: WWF Living Planet Report, 2018)

Þetta efni sem gefin hefur verið út fram að þessu. Að neðan má finna upptalningu á nokkrum af ískyggilegustu niðurstöðum skýrslunnar:

- Líklegt er að fjöldi tegunda í útrýmingahættu muni aukast hratt. Talið er að ein milljón af þeim áætluðu átta milljónum tegunda jarðar munu þurrkast út næstu áratugi. Tegundirnar sem hverfa munu tapast að eilífu.
- Meðalstofnstærð innlendra tegunda á stærstu búsvæðum á landi hefur minnkað um að minnsta kosti 20%, að mestu leyti frá 1900.
- Yfir 40% froskdýra (froskar og körtur), næstum því 33% af kóröllum sem mynda kóralrif og meira en þriðjungur allra sjávarspendýra er í hættu. Myndin er ekki eins skýr fyrir skordýrategundir en fyrirliggjandi gögn benda til þess að um 10% sé í hættu. Að minnsta kosti 680 hryggdýrategundir (dýr með hrygg) hafa dáið út frá 16. öld og yfir 9% allra húsdýra sem notuð eru fyrir matvæli og landbúnað, dóu út fram til 2016 og yfir 1.000 tegundir eru enn í hættu. (Sjá mynd 3).
- Yfir 90% helstu sjávarfiskistofna fara halloka eða eru ofveiddir.
- 85% af öllu votlendi hefur tapast, þ.e. mýrar, vötn, lækir, ár, strandlón o.s.frv.
- Á árunum 2010-2015 töpuðust yfir 32 milljónir hektara af náttúrulegum hitabeltisskógi.
- Mannkynið losar allt að 400 milljón tonn af þungmálmum, eitraðri seyru og öðrum úrgangi í höf og ár á hverju ári.
- Aðgerðir af manna völdum hafa leitt til verulegra breytinga á þremur fjórðu hlutum umhverfis á landi og um 66% umhverfis í sjó. Að meðaltali hefur þessi þróun ekki verið eins alvarleg eða ekki átt sér stað á svæðum í eigu eða undir stjórn frumbyggja eða heimamanna.
- Landbúnaður og neysla matvæla er sérstaklega skaðleg en einn þriðji hluti allrar notkunar á landi, 75% notkunar á ferskvatni og einn fjórði



Mynd 2. Útdauðshlutfall valinna dýrategundaflokka á síðustu 500 árum (heimild: IPBES, 2019)

hluti losunar á gróðurhúsalofttegundum er af þeirra völdum.

- Landhnignun hefur versnað með aukinni notkun á áburði en hún hefur aukist fjórfalt á aðeins 13 árum í Asíu og tvöfaldast um allan heim frá 1990.
- Áburður sem berst í strandvistkerfi hefur myndað yfir 400 „dauð svæði“.
- Landhnignun hefur dregið úr framleiðni 23% alls yfirborðsvæðis um allan heim.
- Þéttbýlissvæði hafa meira en tvöfaldast frá 1992.
- Plastmengun hefur aukist tífalt frá 1980.
- Hnignun náttúrunnar er líkleg til að halda áfram fram til 2050 eða lengur en þó með verulegum mun á milli landsvæða.

Sumir halda því fram að heimurinn standi frammi fyrir stórfelldri útrýmingu dýrategunda í sjötta sinn

þar sem dýrategundir munu deyja út 100-1000 sinnum hraðar en við „náttúrulega“ útrýmingu.

Af hverju er líffræðileg fjölbreytni að hverfa?

Hægt er að skipta ástæðunum fyrir tapi á líffræðilegum fjölbreytileika með grófum hætti í *beina* og *óbeina* hvata:

Beinir hvatar (dæmi)

Þetta eru hvatar eða orsakir sem leiða með beinum hætti til taps á líffræðilegum fjölbreytileika og eyða vistkerfum. Þeir eru meðal annars:


- Nýting manna á landi og vatni sem eyðir skógum, kóralrífjum og öðrum vistkerfum með mikinn líffræðilegan fjölbreytileika í þágu landbúnaðar, fiskræktar og annarrar gerðar framleiðslu (mynd 3).
- Ofnýting náttúruauðlinda – einkum fiskstofna og villtra skóga.

- Mengun vistkerfa, til dæmis með næringarefnum og plasti.
- Hnattvæðing sem leiðir til þess að dýrategundir færast til og komast í kynni við vistkerfi þar sem þær eiga ekki heima og ráðast inn í (ágengar framandi dýrategundir).
- Loftslagsbreytingar sem hafa bæði bein áhrif á líffræðilega fjölbreytni og eykur á aðrar ógnir.

Óbeinar orsakir eða hvatar (dæmi)

Allir óbeinu hvatarnir fyrir tapi á líffræðilegum fjölbreytileika eru afleiðingar af lífsháttum manna, bæði nú og nýlega, eins og námuvinnslu- og framleiðsluhlutföll okkar af völdum sívaxandi neyslu og viðskipta:

- Alþjóðlega hagkerfið hefur vaxið nærri því fjórum sinnum og alþjóðaviðskipti tíu sinnum en það í sameiningu eykur eftirspurn eftir orku og hráefnum.
- Alþjóðlega IPBES-matið 2019 sýnir að hrun í líffræðilegum fjölbreytileika stafar aðallega af breytingum á notkun okkar á landi til að standa undir aukinni kjötneyslu en í því skyni hefur stórum náttúrusvæðum verið breytt og eyðilögð.
- Fólksvöxtur. Fólksvöxtur hefur tvöfaldast síðastliðin fimmtíu ár.
- Efnahagshvatar og löggjöf hafa frekar stuðlað að landhnignun frekar en varðveislu og endurheimt.



Mynd 3. Dæmi um alþjóðlega hnignun náttúrunnar sem leggur áherslu á hnignun líffræðilegrar fjölbreytni sem er af völdum og heldur áfram að vera af völdum beinna og óbeinna breytingahvata. Beinu hvatarnir (breyting á notkun lands/sjávar, bein nýting lífvera, loftslagsbreytingar, mengun og ágengar framandi dýrategundir) stafa af fjölbreyttum undirliggjandi samfélagsástandum (heimild: IPBES, 2019)

Hvað er hægt að gera?

Samkvæmt alþjóðlegri matsskýrslu IPBES þarf að grípa til brýnna aðgerða til að byggja upp sjálfbært alþjóðahagkerfi þar sem ekki er eingöngu einblínt á hagvöxt. Sem hluti af þessari grundvallarbreytingu segir skýrslan að við ættum að:

- skapa jákvæða hvata í landbúnaði, útgerð og öðrum iðnaði til að verðlauna framleiðslu sem er góð fyrir líffræðilegan fjölbreytileika;
- útrýma skaðlegum hvötum sem verðlauna „fjandsamlega“ framleiðslu;
- sýna meiri aðgát til að tryggja viðkomugetu vistkerfa okkar andspænis óvissu og margbreytileika af völdum loftslagsbreytinga og annarra ógna eins og ágengra framandi tegunda;
- styrkja löggjöf og stefnur á sviði líffræðilegs fjölbreytileika og innleiðingu þeirra og réttarríkið almennt.

Óbeinar lausnir samkvæmt alþjóðlegu matsskýrslu IPBES 2019

Þó að þjónusta náttúrunnar sé lífsnauðsynleg samfélaginu og talið að hún sé um 125 trilljóna

bandaríkjadala virði á hverju ári um allan heim er hún yfirleitt talin ókeypis. Alþjóðlegu IPBES-matsskýrslurnar benda á að það sé skaðlegur hvati sem valdi ofnýtingu á vistkerfunum.

Skýrslan segir einnig að hagkerfum okkar hafi hingað til ekki tekist að endurspegla hin miklu verðmæti náttúrunnar og líffræðilegrar fjölbreytni og mikinn kostnað við hnignun þeirra. Vernd náttúrunnar hefur verið í öðru sæti samanborið við sum skammsýnni vandamál eins og aukinn hagvöxt, atvinnusköpun, aukningu á samkeppnishæfni í iðnaði og halda verðlagi lágu.

Smám saman eru stjórnámálamenn og forystumenn í viðskiptum ásamt fjármálageiranum farnir að setja spurningar við það hvernig alþjóðleg umhverfispróun muni hafa áhrif á hagkerfi landa og atvinnugreina og þar með líka fjármálamarkaða.

Lausnir	Mögulegar leiðir
Stöðvun á tapi á líffræðilegum fjölbreytileika	- Að standa vörð um líffræðilegan fjölbreytileika - Aukin vernd líffræðilegs fjölbreytileika með stærri og betur vernduðum svæðum, stöðvun á umbreytingu náttúrulegra landsvæða, stórfelld endurheimt á hnignuðu landi ásamt því að bæta upp fyrir líffræðilegan fjölbreytileika þar sem ummyndun á landi er óhjákvæmileg
Nýir lífshættir þar á meðal með mun minni auðlindum á hvern borgara	- Lífstíll með lítilli neyslu - Minni neysla á höfðatölu, meðal annars með breytingu á neysluvenjum svo þær hafi minni áhrif á landsvæði, til að mynda með grænmetisríkara fæði og lág- og endurnýjanleg orka á heimilum, í flutningum og iðnaði
Hægja á fólksvexti á jörðinni niður í núll	- Alþjóðlegur fólksfjöldi eykst nánast ekkert - Úrbætur á kynjajafnrétti og stefna í átt að betri menntun, valfrjálsum barneignum og almannatryggingum
Draga verulega úr magni úrgangs, þar á meðal plasti og endurnýta auðlindir	- Hringrásarhagkerfi - Minna fæðutap og úrgangur, sjálfbær úrgangs- og skólphreinsunarkerfi, endurnotkun og endurvinnsla á efnum
Skilvirkari notkun auðlinda	- Þurftalítill framleiðslukerfi og auðlindastjórnun - Aukin skilvirkni þegar kemur að landsvæðum, orku, vatni og hráefnum og framleiðslukerfi með lágan útblástur fyrir matvæli, trefjar og lífefnaorku og aðrar hrávörur
Umhverfisvænni nýting á náttúrunni	- Sjálfbær stjórnun lands

(Heimild: IPBES, 2019)

Hluti 1

Spurningar

Tap á líffræðilegri fjölbreytni – Hvað er í húfi?

Hversu miklar áhyggjur hefur þú af tapi á líffræðilegum fjölbreytileika?

- Mjög miklar
- Töluvert miklar
- Engar
- Veit ekki / vil ekki svara

Merktu við fullyrðingarnar sem að þínu mati eru mikilvægustu ástæðurnar fyrir því að stöðva hnignun líffræðilegs fjölbreytileika

- Mér finnst líffræðilegur fjölbreytileiki fallegur
- Ég tel að líffræðilegur fjölbreytileiki eigi rétt á sér
- Við þurfum líffræðilegan fjölbreytileika fyrir mat
- Ég tel að líffræðilegur fjölbreytileiki sé mikilvægur til að draga úr loftslagsbreytingum og aðlögun
- Við þurfum líffræðilegan fjölbreytileika fyrir hagvöxt
- Allt að ofantöldu

Af hverju?

Ef árekstrar koma upp á milli hagvaxtar og verndunar á líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum hvort finnst þér að ætti að setja í fyrsta sæti?

- Verndun og sjálfbær nýting á líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum
- Jafnvægi á milli verndunar líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa og hagvaxtar
- Hagvöxtur

Af hverju?

Hvernig ætti að deila ábyrgðinni fyrir verndun líffræðilegs fjölbreytileika á milli landa með mikinn líffræðilegan fjölbreytileika og landa með sterk hagkerfi?

- Rík lönd ættu að greiða fyrir verndun líffræðilegs fjölbreytileika í þróunarlöndum
- Það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins að standa vörð um líffræðilegan fjölbreytileika í þróunarlöndum
- Það er á ábyrgð viðkomandi lands að standa vörð um líffræðilegan fjölbreytileika í eigin landi
- Fyrirtæki í ríkum löndum sem nota eða neyta vara frá svæðum þar sem er mikil líffræðileg fjölbreytni verða að axla ábyrgð
- Einkageirinn

Af hverju?

→ **Tengill á 1. hluta stafræna spurningalistans**

<https://nmrn.wufoo.com/forms/z1vqowy90jme6i2/>

Umræður: Hvernig ættum við að taka á beinum orsökum fyrir tapi á líffræðilegum fjölbreytileika?

Haltu áfram þar sem svo á við:

- Tryggja aukin vernduð landsvæði með því að ...
- Standa vörð um tegundir í útrýmingarhættu með því að ...
- Styðja við fátækari lönd með því að ...
- Samþætta sjónarmið um líffræðilegan fjölbreytileika við stefnur og stefnumál í viðeigandi atvinnugreinum
- Breyta hegðun þeirra sem skaða líffræðilegan fjölbreytileika
- Annað:

Umræður: Hvernig ættum við að taka á óbeinum orsökum fyrir tapi á líffræðilegum fjölbreytileika?

Haltu áfram þar sem svo á við:

- Tryggja sjálfbærari hagkerfi með því að ...
- Breyta löggjöf og skaðlegum hvötum með því að ...
- Setja reglur um landbúnað svo að hann skaði síður líffræðilegan fjölbreytileika
- Annað:



„Frá árinu 1900 til dagsins
í dag hefur samanlögð
útrýmingartíðni spendýra
tvöfaldast miðað við
tíðnina frá 1800 til 1900“

Hluti 2

Alþjóðleg markmið um líffræðilega fjölbreytni

Hluti 2

Alþjóðleg markmið um líffræðilega fjölbreytni

Um Samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika

Samningurinn um líffræðilegan fjölbreytileika var undirritaður af þjóðarleiðtogum heimsins árið 1992 á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun í Rio de Janeiro ásamt Samningnum um loftslagsbreytingar og öðrum mikilvægum skjölum á sviði alþjóðlegrar stefnumörkunar í umhverfismálum eins og Framkvæmdaáætlun 21, Ríóýfirlýsingunni, Skógayfirlýsingunni og ákvörðun um gerð samnings til að koma í veg fyrir eyðimerkurmyndun. 195 ríki og Evrópusambandið hafa undirritað Samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika. Allir samningsaðilar nema Bandaríkin hafa fullgilt samninginn.

Markmið samningsins

Hin þrjú markmið samningsins endurspeglar hversu yfirgripsmikill hann er:

1. Verndun líffræðilegs fjölbreytileika
2. Sjálfbær notkun á líffræðilegum fjölbreytileika og hlutum hans
3. Ávinningi af notkun á erfðaauðlindum skal deilt með sanngjörnum og jöfnum hætti og standa skal vörð um réttindi frumbyggja.

Mikilvægur hluti umræðunnar um líffræðilegan fjölbreytileika er um það hverjum eigi að veita aðgang að og hvernig eigi að deila ávinningnum frá viðskiptalegri og annarri notkun á erfðaauðlindum eins og í lyfjum.

Mest af líffræðilegum fjölbreytileika heimsins er að finna í þróunarlöndum sem líta á hann sem eldsneyti fyrir efnahagslega og samfélagslega framþróun sína. Sögulega séð var erfðaauðlindum planta safnað fyrir notkun í atvinnuskyni utan við upprunastað þeirra eða sem aðföng við plönturæktun. Erlend fyrirtæki hafa leitað að náttúrulegum efnum til að þróa nýjar söluvörur, eins og lyf, og eru vörurnar oft seldar og verndaðar

af einkaleyfum eða öðrum hugverkaréttindum án sanngjarns ávinnings fyrir upprunalöndin. (Sustaining Life on Earth, SCBD, 2000)

Samnýting ávinnings af erfðaauðlindum

Samningurinn viðurkennir að löndin eigi fullveldisrétt yfir erfðaauðlindum sínum og að upprunalönd skuli hafa valfrjálsan rétt til að veita upplýst samþykki sitt fyrir þeim og að samningsskilmálar skuli fela í sér gagnkvæman ávinning fyrir aðgengi að og notkun á slíkum auðlindum. Þessum ávinningi er ætlað að styðja við náttúrumhverfið með því að nýta auðlindirnar í þágu varðveislu.

Til að tryggja sanngjarna hlutdeild í ávinningnum af erfðaauðlindum hafa samningsaðilar samþykkt að öllum löndum/fyrirtækjum sem vinna úr erfðaauðlindum frá öðru landi beri skylda til að deila ávinningnum af þessum erfðaauðlindum. Vísað er til þessa samnings sem Nagoya-bókunarinnar og er hún hluti af Samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika.

Þrátt fyrir það sýnir mat okkur lítil jákvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika eins og lýst er í Alþjóðlegu matsskýrslu IPBES.

Markmiðin um alþjóðlegan líffræðilegan fjölbreytileika 2010-2020

Árið 2010 samþykktu 196 samningsríki Samnings sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika vandaðan stefnuramma og 20 markmið um líffræðilegan fjölbreytileika (hin svokölluðu Aichi-markmið). Reitur 5 veitir yfirlit yfir stefnuáætlunina.

Finna má stuttan leiðarvísi um markmiðin hér: <https://www.cbd.int/doc/strategic-plan/targets/compilation-quick-guide-en.pdf>.

REITUR 2

Aichi-markmiðin: sýn, tilgangur, stefnumótandi markmið og takmörk stefnuáætlunarinnar fyrir líffræðilegan fjölbreytileika 2011 - 2020

SÝN

Líf í samhljómi við náttúruna

Líffræðilegur fjölbreytileiki verður metinn að verðleikum, varðveittur, endurheimtur og notaður með skynsamlegum hætti fram til 2050 til að viðhalda þjónustu vistkerfa, styðja við heilbrigða plánetu og tryggja nauðsynlegan ávinning fyrir alla.

ÆTLUNARVERK

Grípa til skilvirkra og aðkallandi aðgerða til að stöðva tap á líffræðilegum fjölbreytileika svo tryggja megi viðkomugetu vistkerfa fyrir 2020 svo þau geti áfram veitt nauðsynlega þjónustu sína til að tryggja fjölbreytni lífs á plánetunni og stuðlað að velferð manna og útrýmingu fátæktar. Til að tryggja þetta er þrýstingi létt á líffræðilegum fjölbreytileika, vistkerfi eru endurheimt, líffræðilegar auðlindir eru notaðar með sjálfbærum hætti og ávinningi af notkun á erfðaauðlindum er deilt með sanngjörnum og réttisýnum hætti, fullnægjandi fjármagn er tryggt, afkastageta er aukin, vitund um áskoranir í tengslum við líffræðilega fjölbreytni og gildi hennar er aukin, viðeigandi stefnum er hrundið með skilvirkum hætti í framkvæmd og ákvarðanatataka byggir á traustum vísindum og varúðarreglunni.

Stefnumótandi markmið A: Taka á undirliggjandi orsökum taps á líffræðilegum fjölbreytileika með því að auka vitund um líffræðilegan fjölbreytileika meðal stjórnvalda og í samfélaginu.

Stefnumótandi markmið B: Draga úr beinum þrýstingi á líffræðilegum fjölbreytileika og stuðla að sjálfbærri notkun.

Stefnumótandi markmið C: Bæta stöðu líffræðilegs fjölbreytileika með því að vernda vistkerfi, tegundir og erfðafræðilega fjölbreytni.

Stefnumótandi markmið D: Auka ávinning allra af líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum.

Stefnumótandi markmið E: Bæta innleiðingu með áætlanagerð með víðtækri þátttöku, þekkingarstjórnun og aukningu á afkastagetu

Yfirlit yfir Aichi-markmiðin um líffræðilegan fjölbreytileika

									
Awareness of biodiversity increased	Biodiversity values integrated	Incentives reformed	Sustainable production and consumption	Habitat loss halved or reduced	Sustainable management of living aquatic resources	Sustainable agriculture, aquaculture and forestry	Pollution reduced	Invasive alien species prevented and controlled	Ecosystems vulnerable to climate change
									
Protected areas	Reducing risk of extinctions	Safeguarding genetic diversity	Ecosystem services	Ecosystem restoration and resilience	Access to and sharing benefits from genetic resources	Biodiversity strategies and action plans	Traditional knowledge	Sharing information and knowledge	Mobilizing resources from all sources

Goal	Target	Target element (abbreviated)	Poor	Moderate	Good
A. Address the underlying drivers	1	1.1 Awareness of biodiversity			
		1.2 Awareness of steps to conserve			
	2	2.1 Biodiversity integrated into planning			
		2.2 Biodiversity integrated into accounting			
		2.3 Biodiversity integrated into reporting			
	3	3.1 Harmful subsidies eliminated and reformed			
		3.2 Positive incentives developed and implemented			
	4	4.1 Sustainable production and consumption			
		4.2 Use within safe ecological limits			
B. Reduce direct pressures	5	5.1 Habitat loss at least halved			
		5.2 Degradation and fragmentation reduced			
	6	6.1 Fish stocks harvested sustainably			
		6.2 Recovery plans for depleted species	Unknown		
		6.3 Fisheries have no adverse impact			
	7	7.1 Agriculture is sustainable			
		7.2 Aquaculture is sustainable			
		7.3 Forestry is sustainable			
	8	8.1 Pollution not detrimental			
		8.2 Excess nutrients not detrimental			
	9	9.1 Invasive alien species prioritized			
		9.2 Invasive alien pathways prioritized	Unknown		
		9.3 Invasive species controlled or eradicated			
	10	9.4 Invasive introduction pathways managed			
		10.1 Pressures on coral reefs minimized			
		10.2 Pressures on vulnerable ecosystems minimized			
C. Improve biodiversity status	11	11.1 10 per cent of marine areas conserved			
		11.2 17 per cent of terrestrial areas conserved			
		11.3 Areas of importance conserved			
		11.4 Protected areas, ecologically representative			
		11.5 Protected areas, effectively and equitably managed			
		11.6 Protected areas, well-connected and integrated			
	12	12.1 Extinctions prevented			
		12.2 Conservation status of threatened species improved			
	13	13.1 Genetic diversity of cultivated plants maintained			
		13.2 Genetic diversity of farmed animals maintained			
		13.3 Genetic diversity of wild relatives maintained			
		13.4 Genetic diversity of valuable species maintained	Unknown		
		13.5 Genetic erosion minimized			
D. Enhance benefits to all	14	14.1 Ecosystems providing services restored and safeguarded			
		14.2 Taking account of women, IPLCs, and other groups	Unknown		
	15	15.1 Ecosystem resilience enhanced	Unknown		
		15.2 15 per cent of degraded ecosystems restored	Unknown		
	16	16.1 Nagoya Protocol in force			
		16.2 Nagoya Protocol operational			
E. Enhance implementation	17	17.1 NBSAPs developed and updated			
		17.2 NBSAPs adopted as policy instruments			
		17.3 NBSAPs implemented			
	18	18.1 ILK and customary use respected			
		18.2 ILK and customary use integrated	Unknown		
		18.3 IPLCs participate effectively	Unknown		
	19	19.1 Biodiversity science improved and shared			
		19.2 Biodiversity science applied	Unknown		
	20	20.1 Financial resources for Strategic Plan ^a increased			

Mynd 4. Mat IPBES á Aichi markmiðunum
(heimild: IPBES, 2019)

Staðan á innleiðingu stefnumótunaráætlunar og Aichi-markmiðunum um líffræðilega fjölbreytni

Stefnumótunaráætlun og 20 markmið hennar um líffræðilegan fjölbreytileika renna út 2020 en Matsskýrslan sýnir fram á að langt sé í land með að markmiðin náist. (Mynd 4).

Markmiðin, þar sem mestur árangur hefur náðst, eru þau sem innihalda skýr mælanleg markmið og kveða á um ábyrgð einstakra landa. En vísindi hafa einnig sýnt okkur að markmið með lágum tölum geta verið afvegaleiðandi.

Einkunn IPBES „GOTT“ fyrir markmið 11.1 og 11.2 (sjá mynd 4) sýnir aðeins að á alþjóðlegum mælikvarða erum við nálægt því að hafa skilgreint 17% yfirborðs lands og 10% sjávar sem verndarsvæði. En vísbendingar eru um að yfir einum þriðja hluta verndarsvæða hafi hnignað vegna ófullnægjandi verndar og stjórnnunar. Vandamálin eru oft ólöglegt skógarhögg í vernduðum skógum, ólöglegar fiskveiðar í sjávarþjóðgörðum, og landbúnaður í þjóðgörðum þar sem húsdýr keppa við villidýr. Slíkar ósjálfbærar athafnir og notkun á náttúruauðlindum á verndarsvæðum geta oft tengst fátækt, deilum, veikum ríkisinnviðum og spillingu.

Á hinn bóginn hafa víðfeðmari, ferlistengd og minna áþreifanlegri markmið náð litlum eða engum árangri. Þar á meðal markmið sem taka á undirliggjandi ástæðum líffræðilegs fjölbreytileika og beinast því að dýpri samfélagsþáttum eins og neyslu og framleiðslumynstrum og útrýmingu á skaðlegum niðurgreiðslum – þáttum sem Alþjóðlega matsskýrslan telur nauðsynlegt að bregðast við.

Nýr alþjóðlegur samningur fyrir náttúru og fólk

Hvert stefna alþjóðlegar samningaviðræður um þessar mundir?

1. Víðfeðmur skilningur virðist vera til staðar um að hanna ætti rammann eftir 2020 og samþykka sem órjúfanlegan hluta af áætluninni fyrir sjálfbæra þróun 2030 og

markmiðum hennar um sjálfbæra þróun (SDG). (<https://sustainabledevelopment.un.org/post2015/transformingourworld>).

2. Það virðist vera stuðningur fyrir því að viðhalda núverandi Sýn 2050, líf í samræmi við náttúruna.
3. Víðtæk samstaða er um að nýju markmiðin ættu ekki að búa yfir minni metnaði en núverandi markmið. Rætt er um margvíslegar tillögur:
 - a. Þar sem mikill meirihluti Aichi-markmiðanna hefur ekki verið uppfylltur (mynd 4) mælir það með því að haldið verði áfram með Aichi-markmiðin næsta áratuginn.
 - b. En margir hafa lýst yfir þörfinni á „gerbreytingu“ – hugtaki sem þegar er orðið að tískuorði í ferlinu – kallar á að málin verði hugsuð með öðrum hætti. Auk þess eru mörg af Aichi-markmiðunum ferlismiðuð þar sem erfitt er að mæla frálág þeirra og árangur.
 - c. Einnig færa margir rök fyrir því að markmiðin ættu að vera meira í anda SMART (sértæk, mælanleg, aðgengileg, raunhæf og tímasett).

Að neðan má finna nokkur valin efni sem kunna að þarfnast umræðu í ferlinu fyrir nýjan ramma:

Vernduð svæði á landi og í sjó

Á meðal fárra Aichi-markmiða fyrir 2020 þar sem árangur hefur náðst er markmið 11 um stækkun verndarsvæða á landi um 17 prósent og í sjó um 10 prósent. En sú skoðun er víðtæk að markmiðið skorti metnað en hliðsjón er höfð af heildarmyndinni um hvað þurfi til svo stöðva megí tap á líffræðilegum fjölbreytileika.

Í nýlegri vísindagrein, „A Global Deal For Nature: Guiding principles, milestones, and targets“ (<https://advances.sciencemag.org/content/5/4/eaaw2869/tab-pdf>) er lagt til að allt að 50% af landsvæði jarðarinnar verði gert að verndarsvæði til að uppfylla markmið Parísarsamkomulagsins og á sama tíma draga úr útrýmingarhraða dýrategunda. Slík svæði væru meðal annars búsvæði eins og fenjaviður, freðmýrar, mýrlendi, fornt graslendi

og norðlægir og suðrænir regnskógar sem geyma miklar birgðir af gróðurhúsalofttegundum og búa einnig yfir miklum líffræðilegum fjölbreytileika.

En verndarsvæðin ná aðeins yfir takmarkaðan fjölda svæða sem eru mikilvæg fyrir líffræðilegan fjölbreytileika og er þeim oft ekki stjórnað með árangursríkum hætti (sjá að ofan). Þjóðgarðar nærri fallegu landslagi og fossur eru oft ekki þar sem viðkvæmasta líffræðilega fjölbreytnin í mestri hættu, er að finna.

Því eru góðar ástæður fyrir því að setja ný metnaðarfull markmið um verndarsvæði eftir 2030 – þar á meðal vegna þess að verndarsvæði geta dregið úr loftslagsbreytingum og stuðlað að aðlögun.

Helsta áskorunin við verndun fleiri svæða er síaukin eftirspurn eftir gjöfulu landi og sjó til að fæða vaxandi fólksfjölda um allan heim.

Vistfræðilegt fótspor

Lönd með mikla líffræðilega fjölbreytni eru oft þróunarlönd með mikla fátækt og mikinn vöxt á fólksfjölda sem leiðir til aukins þrýstings á náttúruauðlindir og líffræðilegan fjölbreytileika. En fólk úr ríku löndunum getur einnig skilið eftir sig vistfræðileg fótspor sem eru skaðleg líffræðilegum fjölbreytileika í þróunarlöndunum með neyslukröfum okkar um matvæli, föt, raftæki o.s.frv.

Þátttaka fyrirtækja fyrir líffræðilega fjölbreytni

Ábyrgð fyrirtækja og einkageirans á verndun líffræðilegs fjölbreytileika er margslungin. Fyrirtæki eru framleiðendur, veitendur og fjárfestar í gagnlegri umhverfistækni valda líka oft skaða á líffræðilegum fjölbreytileika með starfsemi sinni og viðskiptaákvörðunum.


Auk þess sem fyrirtæki verða bæði fyrir barðinu á og treysta á þjónustu vistkerfisins og undirliggjandi líffræðilegs fjölbreytileika hennar. Dæmi um iðngreinar sem eru háðar með beinum hætti heilbrigði vistkerfisins eru skógrækt, fiskveiðar, landbúnaður og vistvæn ferðamennska.

Fyrirtæki eru lykilþátturinn fyrir grænna hagkerfi og því hluti af lausninni með því að móta verkfæri fyrir verndun líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbæra notkun sem byggja á frjálsum markaði.

Mikilvægar spurningar sem lönd og aðrir hagsmunaaðilar hafa þegar borið kennsl á í ferlinu í átt að Nýjum alþjóðlegum samningi fyrir náttúru og fólk

- Hvernig og að hvaða marki ætt nýju markmiðin að tengjast Aichi-markmiðunum?
- Viðurkenna að Aichi-markmiðin innihalda mörg rétt atriði, þar á meðal fyrir ný markmið, ef þau eru endurskipulögð með stigvaxandi nálgun með markmiðum, aðgerðum og skilyrðum til að stuðla að árangri fram til 2030? (Mynd 5)
- Hvernig ætti svigrúm nýju markmiðanna að vera fyrir sérmótuð innlend og svæðisbundin markmið?
- Hvernig ættu nýju markmiðin að taka á kostnaði við markmiðin og hver ætti að greiða – meðal annars með mismunandi ábyrgð þróunarríkja og þróaðra ríkja?
- Hvernig ætti eftirliti með innleiðingu markmiðanna að vera háttáð?
- Ætti ramminn eftir 2020 að búa yfir kerfi eins og Parísarsamkomulaginu um aðgerðaloforð sem þjóðríkin taka sjálf ákvarðanir um og verða smám saman metnaðarfullri og reglulega mat er lagt á („stigvaxandi kerfi“).
- Hvernig ætti að laga nýju markmiðin að öðrum alþjóðlegum markmiðum, meðal annars samkvæmt Parísarsamkomulaginu og markmiðunum um sjálfbæra þróun (SDG)?

Þættir í rammanum fyrir líffræðilega fjölbreytni eftir 2020



Mynd 5. Þættir í rammanum fyrir líffræðilega fjölbreytni eftir 2020. (Heimild: Discussion paper 'Key Elements and Innovations for the CBD's Post-2020 Biodiversity Framework: A Collaborative Discussion Piece' 2019. <https://www.cbd.int/doc/strategic-plan/Post2020/postsbi/birdlife2.pdf>)

Markmiðin um sjálfbæra þróun og nýju markmiðin um líffræðilega fjölbreytni

Nýr alþjóðlegur samningur fyrir náttúruna snertir ekki bara Samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika.

Mikilvægi og hlutverk líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa endurspeglast í grófum dráttum í markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með bæði beinum og óbeinum hætti. Hlutverk líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa

endurspeglast best í SDG 14 (líf í vatni) og SDG 15 (líf á landi).

Þar sem líffræðileg fjölbreytni og heilbrigð vistkerfi eru svo mikilvæg fyrir sjálfbæra þróun, spáir Alþjóðlega matsskýrsla IPBES því að hin núverandi neikvæð þróun fyrir náttúruna muni grafa undan árangri 80% (35 af 44) matsmarkmiða SDG í tengslum við fátækt, hungur, heilbrigði, vatn, borgir, loftslag, úthöf og land.

Hluti 2

Spurningar

Alþjóðleg markmið um líffræðilega fjölbreytni

Hversu metnaðarfullur ætti Núi samningurinn fyrir náttúru og fólk að vera?

- Ekki eins metnaðarfullur og núverandi stefnuáætlun og Aichi-markmið hennar um líffræðilegan fjölbreytileika
- Með sama metnaðarstigi og í dag
- Mun metnaðarfyllri

Af hverju?

Hvers konar markmið ætti Núi alþjóðlegi samningurinn að vera með?

Veldu valkostina sem þú telur mikilvægasta

- Þau ættu að vera þau sömu í grófum dráttum og núverandi Aichi-markmið um líffræðilegan fjölbreytileika
- Þau ættu að vera mun áþreifanlegri og mælanlegri
- Þau ættu að vera svæðaskipt þegar kemur að líffræðilegum fjölbreytileika
- Þau ættu að vera tímasett
- Þau ættu að vera bundin í lög

Aðrar tillögur?

Hvað ætti alþjóðlega markmiðið fyrir vernduð svæði á landi að vera?

- Viðhalda núverandi stöðu (17% allra land- og ferskvatnssvæða)
- Tvöfalda ætti vernduð svæði fram til 2030
- 50% alls lands ætti að vera verndað fram til 2030
- Markmiðin ættu að endurspegla innlenda stöðu líffræðilegs fjölbreytileika

Aðrar tillögur?

Ætti að setja markmið fyrir þróuð lönd (og fylgja á eftir innlendum markmiðum) til að draga úr vistfræðilegum fótsporum þeirra í þróunarlöndum?

- Já
- Nei

Hvers konar markmið – ef eitthvað – ætti að setja til að taka á sjálfbærri neyslu og framleiðslu?

Veldu svörin sem þú telur mikilvægust

- Viðhalda núverandi Aichi-markmiðum um líffræðilegan fjölbreytileika (móta áætlanir um sjálfbæra framleiðslu og neyslu)
- Móta sértæk, mælanleg og áþreifanleg markmið
- Markmiðið, hvort sem það er eigindalegt eða megindalegt, ætti að fyrir viðkomandi þjóðríki

Aðrar tillögur?

→ Tengill á 2. hluta stafræna spurningalistans

<https://nmnr.wufoo.com/forms/z1ltyqof1rs20xi/>

Hvernig tryggjum við að fyrirtæki standi sig í stykkinu fyrir náttúruna?

Veldu svörin sem þú telur mikilvægust

- Fyrirtæki ættu alltaf að vera hluti af lausninni
- Setja ætti alþjóðlegt markmið sem tryggir að fyrirtæki standi sig í stykkinu fyrir náttúruna
- Áætlanir og stefnur fyrirtækja ættu að fjalla um verndun líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa
- Með löggjöf sem skyldar fyrirtæki til að standa vörð um líffræðilegan fjölbreytileika og vistkerfi

Aðrar tillögur?

Ætti að skattleggja vörur sem eru skaðlegar líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfinu?

- Já
- Nei

Ef þú mættir velja hvaða alþjóðlegu markmið um líffræðilegan fjölbreytileika og allt sem tengist honum myndir þú setja á oddinn?

-
-

Af hverju?



„Frá 1800 hefur samanlögð
útrýmingartíðni fugla
þrefaldast“

Hluti 3

Þátttaka og ábyrgð ungs fólks

Hluti 3

Þátttaka og ábyrgð ungs fólks

Þátttaka og aðild ungs fólks

Sérkenni Samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika er það hversu opinn hann er fyrir þátttöku áhugahópa, þar á meðal æskulýðssamtaka og frumbyggja. Slík þátttaka tryggir mikið gagnsæi og er viðurkenning á þeirri staðreynd að stjórnvöld ein og sér geti ekki tryggt innleiðingu samningsins og þörf sé á samkomulagi og samstarfi við borgara og fyrirtæki.

Global Youth Biodiversity Network (GYBN) eru alþjóðasamtök æskulýðssamtaka og einstaklinga

sem einnig taka þátt í starfinu. GYBN er með um 300 aðildarsamtök og kemur fram fyrir hönd um 600.000 meðlima frá 140 löndum um allan heim. GYBN eru stærstu samtökin sem koma fram fyrir hönd ungs fólks í samningaviðræðunum samkvæmt Samningnum og koma á framfæri áliti og skoðunum ungs fólks í stefnumótuninni og stuðla að því að ungt fólk láti til sín taka.

Sjá einnig vefsíðu GYBN: <https://www.gybn.org/about-gybn>

Hluti 3

Spurningar

Þátttaka og ábyrgð ungs fólks

Værir þú til í að haga neyslu þinni með sjálfbærari hætti (til dæmis með því að minnka kjötneyslu, kaupa minna af fötum, skoða uppruna varanna, sem þú kaupir, og velja sanngjarnari og sjálfbærari kosti)?

- Já
- Nei

Værir þú til í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að ferðast minna með flugvélum?

- Já
- Nei

Værir þú til í að greiða aukalega fyrir flug ef aukagreiðslan væri notuð til að bæta fyrir CO2 losun ferðalagsins?

- Já
- Nei

Telur þú ungt fólk gegna mikilvægu hlutverki í framkvæmd nýs samnings fyrir náttúru og fólk?

- Já
- Nei

Af hverju?

Ættu stjórnvöld að koma á fót kerfi sem tryggir að ungt fólk geti stuðlað að innleiðingu Nýja samningsins fyrir náttúru og fólk?

- Já
- Nei

Af hverju?

Hvað gætu eftirfarandi greinar gert til að hjálpa þér við að haga neyslu þinni með sanngjarnari og sjálfbærari hætti?

- Stjórnvöld:
- Fyrirtæki:
- Áhugahópar:
- Vísindamenn:
- Fjölmíðlar:

→ Tengill á 3. hluta stafræna spurningalistans

<https://nmnrn.wufoo.com/forms/z94pysm1mafhhbp/>

„Frá 1800 hefur samanlögð
útrýmingartíðni skriðdýra
farið úr nærri því núll
upp í 1 af hverjum 100
tegundum“



Hluti 4

Tengsl líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsbreytinga

Hluti 4

Tengsl líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsbreytinga

Loftslagsbreytingar hafa hlotið mun meiri athygli en tap á líffræðilegri fjölbreytni. Stundum er því haldið fram að áhyggjur af líffræðilegum fjölbreytileika sé „lúxusvandamál“ og að beina ætti sjónum frekar að því að draga úr loftslagsbreytingum. En eyðing náttúrunnar er veruleg ógn gegn mannkyninu eins og loftslagsbreytingar. Stöðvun á tapi á líffræðilegum fjölbreytileika og baráttan við loftslagsbreytingar eru hvort tveggja lykilatriði þegar kemur að sjálfbærri þróun og því gríðarlega mikilvæg til að ná markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDG).

Auk þess eru þessi tvö þemu nátengd með ýmsum hætti:

1. Loftslagsbreytingar eru ein helsta ógnin við líffræðilegan fjölbreytileika og kemur til viðbótar við hinar fimm meginógnirnar (eyðingu á villtum búsvæðum á landi og í sjó, ofnýtingu dýrategunda og vistkerfa, mengun og ágengar framandi dýrategundir). Mat Alþjóðanefndarinnar um loftslagsbreytingar (e. International Panel on Climate Change, IPCC) er að 2°C hækkun á hitastigi heimsins sé mjög alvarleg fyrir stóran hluta dýrategunda – og mun alvarlegri en aðeins 1,5°C hækkun á hitastigi. Til að mynda telur IPCC að með 1,5°C hækkun á hitastigi muni yfir 70% allra kóralrifja hverfa en með 2°C hækkun muni yfir 99%!
2. Aðgerðir til að standa vörð um líffræðilegan fjölbreytileika geta hjálpað til að draga úr hættunni og aðlagast loftslagsbreytingum.
 - a. Augljós lausn er að draga úr tapi og hnignun á villtum hitabeltisskógum. Villtir frumskógar eru þau vistkerfi sem búa yfir mestum líffræðilegum fjölbreytileika á landi og á sama tíma taka þeir upp og

geyma mikið magn kolefnis. Auk þess leika skógar staðbundið mikilvægt hlutverk í svæðis- og staðbundinni hringrás vatns og hafa kælandi áhrif á staðbundið loftslag með því að tryggja raka, uppgufun, úrkomu og skugga.

- b. Hvað varðar aðlögun veita ósnortnir skógar mönnum skjól fyrir stormum, flóðum og öðrum öfgakenndum veðurfyrirbrigðum af völdum loftslagsbreytinga. Ef tiltekið villt skóglendi er gert að verndarsvæði gæti það þannig þjónað þrenns konar tilgangi, verndað líffræðilegan fjölbreytileika, dregið úr loftslagsbreytingum og stuðlað að aðlögun.

3. Það er auðvelt að grípa til aðgerða sem myndu hafa hraðan ávinning í för með sér fyrir loftslagsbreytingar og aðlögun, á kostnað líffræðilegs fjölbreytileika. Til að takmarka hækkun á hitastigi við 1,5 eða 2 gráður þarf að vinna CO₂ úr andrúmslofti með auknum hraða. Ein besta leiðin til þess er að uppskera orkuplöntur fyrir **lífeldsneyti með kolefnisföngun og geymslu**. Það gæti hugsanlega hjálpað til við að draga úr CO₂ styrk í andrúmslofti en krefst líka gróðursetningar á stóru landsvæði þar sem líffræðilegur fjölbreytileiki yrði mjög lítill. Gróðursetning á einyrkjuplantekrum (e. monoculture) til að taka upp CO₂ er annað svipað dæmi.

Það er mikilvægt að taka fram að plantekrur eða raskaðir skógar geta aldrei haldið uppi líffræðilegri fjölbreytni í sama magni og villtir skógar, frumskógar og gamlir skógar og skóglendi. Ósnertir gamlir skógar búa yfir fjölda mikilvægra eiginleika sem yngri, raskaðir skógar gera ef til vill ekki. Gamlir skógar eru með fleiri trjátegundir á



mismunandi aldri ásamt föllnum og rotnandi trjám og trjám með flóknari rótarsamsetningu og hærri meðalhæð.

Allir þessir þættir hjálpa til við að móta umhverfið á staðnum og skapa fjölbreyttari búsvæði, betra aðgengi að mikilvægum næringarefnum, betri jarðvegsframræslu og loftun og annan ávinning. Slíkt getur á móti stuðlað að afkomu fjölbreyttari lífvera á svæðinu (<https://online.unity.edu/benefits-protecting-old-growth-forests-sustainability-studies/>).

Innri tengsl Samningsins um loftslagsbreytingar og Samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika

Vegna hinna nánú tengsla á milli loftslagsbreytinga og líffræðilegrar fjölbreytni felst skýr ávinningur í því að taka á þessum tveimur málum í samvinnu og með gagnkvæmum hætti.

Margir gætu talið að ávinningurinn af slíku samstarfi væri augljós en samningarnir tveir eiga sér sögu um að vinna hver í sínu horni. Síaukin áhugi stjórnmalamanna á líffræðilegum fjölbreytileika vegna Alþjóðlegu matsskýrslunnar og mikilli áherslu hennar á tengsl þessara tveggja mála ásamt sérstakri skýrslu IPCC um áhrif 1,5 °C hækkunar af völdum hnatthlýnunar (https://report.ipcc.ch/sr15/pdf/sr15_spm_final.pdf) gæti rutt brautina fyrir nánari samvinnu í þessum efnum.

Kraftmikil og auðmælanleg markmið í nýja samningnum fyrir náttúru og fólk gætu haft samstarf á milli samninganna tveggja og dagskrárinnar í loftslagsmálum til hliðsjónar. Það ætti enn betur við ef slíkum markmiðum fylgdi kerfi til að fylgjast með árangri landa við að uppfylla markmiðin.

Sitthvað má læra af Parísarsamkomulaginu hvað varðar eftirlit með framvindunni. Helsta inntak

Parísarsamkomulagsins er hið almenna markmið um að hnattræn hækkun á hitastigi að meðaltali skuli vera vel undir 2 °C að meðaltali og helst 1,5 °C, ásamt því að leggja þá skyldu á öll lönd að taka ákvörðun um, upplýsa um og hrinda innlendum ráðstöfunum í framkvæmd. Það veður stöðugt að herða á þessum ráðstöfunum og löndin verða að upplýsa reglulega um árangurinn.

Á fimm ára fresti skal framkvæma sameiginlegt alþjóðlegt stöðumat á aðgerðunum og út frá því eru næstu skref ákveðin. Hvað Samninginn um líffræðilega fjölbreytni varðar skortir hann einkum kröfur um viðvarandi, öflugri aðgerðir og alþjóðlegt kerfi til að leggja mat á aðgerðir þjóðríkjanna. Fram að þessu hafa mörg lönd verið treg til að eftirláta alþjóðlegu kerfi eftirlit með árangri þeirra þegar kemur að líffræðilegri fjölbreytni.

Á vettvangi þjóðríkjanna gæti löggjöf á sviði loftslagsmála með lagalega bindandi markmiðum, eins og finna má hjá nokkrum löndum, verið innblástur fyrir svipaða löggjöf um líffræðilega fjölbreytni.

Kjarninn í Parísarsamkomulaginu er aðgerðaloforð einstakra landa (e. Nationally determined contributions, NDC) og lykillinn að langtíamarkmiðum hans. Aðgerðaloforðin fela í sér loforð hvers lands um að draga úr innlendri losun og laga sig að áhrifum loftslagsbreytinga.

Parísarsamkomulagið (2. mgr. 4. gr. – https://unfccc.int/sites/default/files/english_paris_agreement.pdf) skuldbindur öll aðildarríki til að undirbúa, tilkynna og vinna að aðgerðaloforðum sem þau hyggjast framkvæma.

Aðgerðaloforðin eru valfrjálssar innlendar áætlanir sem voru gerðar út frá beiðni samkvæmt ákvörðunum UNFCCC á COP19 í Varsjá tveimur árum fyrir fundinn í París 2015. Þau eru kraftmikil töl fyrir stjórnámamenn því þau senda öðrum löndum og ráðherrum, borgarstjórum og stjórnendum fyrirtækja merki um að breytingin yfir í kolefnislaust og óbugandi hagkerfi standi fyrir dyrum.

En engin ósk eða fyrirmæli komu frá UNFCCC um aðgerðaloforð um líffræðilegan fjölbreytileika, náttúruna eða tengslin við Aichi-markmiðin eða markmiðin um sjálfbæra þróun.

Þrátt fyrir það hafa mörg lönd sýnt fram á skilning á tengslum þessara tveggja mála og hafa í minna eða meira mæli gripið til aðgerða með ráðstöfunum sínum eða markmiðum sem taka bæði á loftslagsbreytingum og líffræðilegum fjölbreytileika eða náttúruvernd, eða í tengslum við helstu losunaruppsprettur þeirra eða að því marki sem vistkerfi þeirra eru berskjölduð fyrir loftslagsbreytingum.

Hluti 4

Spurningar

Tengsl líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsbreytinga

Hverjar telur þú alvarlegustu ógnirnar gegn velferð manna í framtíðinni?

- Tap á líffræðilegum fjölbreytileika
- Loftslagsbreytingar
- Hvort tveggja er jafnalvarlegt
- Þetta er ekki sambærilegt
- Beinir eða óbeinir hvatar sem valda tapi á líffræðilegum fjölbreytileika og loftslagsbreytingum
- Önnur vandamál?

Hvaða aðgerða er þörf til að ná árangri í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og verndun líffræðilegs fjölbreytileika?

Veldu 3 kosti sem þú telur mikilvægasta

- Aðgerðir á sviði loftslagsmála ættu að vera hluti af viðeigandi stefnum (í landbúnaði, samgöngum, orkumálum, o.s.frv.) og innlendum áætlunum og stefnum á sviði líffræðilegs fjölbreytileika.
- Aðgerðir á sviði líffræðilegs fjölbreytileika ættu að vera hluti af innlendum áætlunum og stefnum á sviði loftslagsmála.

- Innlendir, lagalega bindandi lagarammar fyrir bæði loftslagsmál og líffræðilegan fjölbreytileika.
- Samfélagið og ungt fólk þarf að auka þekkingu sína á vandamálunum og því hlutverki sem hvert og eitt okkar leikur.
- Efnahagsstefnur ættu bæði að taka mið af loftslagi og líffræðilegum fjölbreytileika
- Alþjóðleg kerfi ættu að vera til staðar til að tryggja sterk tengsl á milli loftslags og líffræðilegs fjölbreytileika
- Alþjóðlegir sjóðir til stuðnings líffræðilegum fjölbreytileika og loftslagsverkefnum
- Aðrar tillögur?

Ættu samningar á sviði loftslagsbreytinga og líffræðilegs fjölbreytileika að vinna saman til að sinna innri tengslum betur?

- Já
- Nei

→ Tengill á 4. hluta stafræna spurningalistans

<https://nmrn.wufoo.com/forms/zz5m8ja0t37dua/>



„Frá 1900 hefur samanlögð
útrýmingartíðni fiska farið
úr nærri því núll upp í 1 af
hverjum 100 tegundum“

Hluti 5

Verkfæri fyrir innleiðingu á Nýjum samningi fyrir náttúruna

Hluti 5

Verkfæri fyrir innleiðingu á Nýjum samningi fyrir náttúruna

Innleiðing ríkja á Samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika og markmiðum hans um líffræðilegan fjölbreytileika

Ef við snúum okkur nú að Samningnum um líffræðilegan fjölbreytileika og markmiðum hans um sama efni eru verkfæri hans nokkuð önnur en samkvæmt Parísarsamkomulaginu. Það eru engin viðurlög við brotum gegn Samningnum um líffræðilega fjölbreytni og markmiðum hans en það þýðir líka að innleiðing hans í þjóðríkjum fer fram með óbindandi innlendum stefnum og aðgerðaráætlunum (e. National Biodiversity Strategy and Action Plans, NBSAP), á meðan mat á efndum fer fram með sjálfsmati (ríkjaskýrslur).

Skýrslugjöf

Samningurinn um líffræðilegan fjölbreytileika kveður á um að þjóðríkin verði að upplýsa um líffræðilegan fjölbreytileika. Hvert og eitt land á að skila inn „landsskýrslu“ á fjögurra ára fresti: <https://www.cbd.int/reports/>

Samningsaðilar hafa mótað viðmiðunarreglur um framkvæmd skýrslugjafarinnar en viðmiðunarreglurnar eru valfrjálssar svo innlendu skýrslurnar eru oft á margs konar formi. Það erfiðar til muna eftirlit með nákvæmu framlagi hvers lands við innleiðingu á markmiðunum.

Innlend stefna og aðgerðaráætlanir á sviði líffræðilegs fjölbreytileika (NBSAP)

Öllum löndum er skylt að móta áætlanir um hvernig skuli vernda líffræðilega fjölbreytni með innlendum stefnum og aðgerðaráætlunum á sviði líffræðilegs fjölbreytileika og gera þær aðgengilegar öllum. Löndum ber skylda til að taka saman slíkar stefnur og áætlanir og lýsa hvernig þær muni samþætta varðveislu og sjálfbæra notkun á líffræðilegum fjölbreytileika við áætlanir og stefnur fyrir atvinnugreinar og þvert á atvinnugreinar.

Mat á NBSAP staðfestir að löndin hafa ekki náð langt í samþættingunni. Ein jákvæð þróun er að sífellt fleiri lönd hafa samþykkt sérstaka löggjöf um líffræðilegan fjölbreytileika til að tryggja lagalega bindandi ákvæði um aðgerðir í þágu líffræðilegs fjölbreytileika og gera æðstu stjórnvöld ábyrg fyrir verndun líffræðilegs fjölbreytileika. Sækja má öll NBSAP á þessari vefsíðu: <https://www.cbd.int/nbsap/default.shtml>

Skuldbindingar

Ólíkt Parísarsamkomulaginu býr Sáttmálinn fyrir líffræðilegan fjölbreytileika ekki yfir neinu kerfi eins og aðgerðalofoðum hvers lands heldur starfar samkvæmt valfrjálsum skuldbindingum. Þessar skuldbindingar geta tekið á sig ýmsar myndir og engin formleg leið er til þess að ákveða þær eða fylgja þeim á eftir.

Fjárhagslegar skuldbindingar

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni kveður á um með óbindandi ákvæði að þróunarríki eigi rétt á því að fá nýtt og viðbótarfjármagn frá þróuðum ríkjum til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt Samningnum. Þessi stuðningur hefur ekki látið á sér kræla samkvæmt þróunarríkjum. Ákvæðið um fullnægjandi úrræði til að uppfylla ný markmið og byggja upp afkastagetu í þróunarríkjunum er því áfram umdeilt efni meðal samningsríkja.

Fylgni við samninginn

Samningurinn um líffræðilegan fjölbreytileika býr ekki yfir kerfi til að tryggja fylgni við hann ólíkt mörgum öðrum umhverfissáttmálum með áþreifanlegri kröfur. Engin viðurlög eru við brotum gegn sáttmálanum og ákvörðunum hans. Það skapar vandamál við eftirlit með því að hvaða marki ríki uppfylli samninginn og markmið hans. Innlend náttúruvernd og stuðningur til þróunarríkja treystir því að miklu leyti á vilja stjórnvalda og þjóðþinga.

Hluti 5

Spurningar

Verkfæri fyrir innleiðingu á nýjum samningi fyrir náttúruna

Hvernig ætti að finna fjármagn til að vernda líffræðilegan fjölbreytileika í þróunarlöndum?

- Þróunarlöndin ættu að bera höfuðábyrgð á því að finna nauðsynlegt fjármagn
- Þróuð lönd ættu að bera höfuðábyrgð á því að finna nauðsynlegt fjármagn
- Þróunarlönd og þróuð lönd ættu að deila kostnaðinum
- Einkafyrirtæki sem notfæra sér líffræðilegan fjölbreytileika og erfðaauðlindir ættu að greiða mest, t.d. í gegnum sjóð fyrir líffræðilegan fjölbreytileika
- Aðrar tillögur?

Ættu stjórnvöld í þínu landi að skuldbinda sig til að stöðva hnignun líffræðilegs fjölbreytileika í heimalandi þínu með lögum um líffræðilegan fjölbreytileika sem innihalda lögbundin markmið? (eins og löggjöf um loftslagsbreytingar í sumum löndum)

- Já
- Nei

Af hverju?

Ættu lönd sem sækja COP15 í Kína að samþykkja kerfi með aðgerðaloforðum einstakra ríkja til að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika sem eru svo aukin á fimm ára fresti? (eins og á við loftslagsbreytingar samkvæmt Parísarsamkomulaginu)

- Já
- Nei

Ætti að koma á fót alþjóðlegu kerfi fyrir eftirlit með árangrinum við uppfyllingu markmiðanna í einstökum löndum?

- Já
- Nei

Telur þú að NBSAP, sem eru lagalega bindandi og innihalda kerfi til að auka metnaðinn með tímanum (eins og Parísarsamkomulagið), myndu leiða til betri framkvæmdar á markmiðunum fyrir líffræðilegan fjölbreytileika?

- Já
- Nei

Af hverju?

→ Tengill á 5. hluta stafræna spurningalistans

<https://nmnr.wufoo.com/forms/z1y6c0b213oa3nj/>

Tillögur

Hvað myndir þú helst vilja
leggja til við valdhafa?

- Skrifaðu tillögu með eigin orðum

→ Tengill á stafrænan spurningalista fyrir tillögur
<https://nmrnw.wufoo.com/forms/z1goorfb0gzmcec/>

Viðbótarspurningar

Matslota

Var upplýsingaefnið fjölbreytt og upplýsandi?

- Já, mjög svo
- Já
- Nei
- Alls ekki
- Athugasemdir?

Voru mismunandi og andstæðar skoðanir kynntar og ræddar á borðinu þínu?

- Já, mjög svo
- Já
- Nei
- Alls ekki
- Athugasemdir?

Ertu almennt ánægð/ur með skipulag vinnusmiðjunnar um líffræðilegan fjölbreytileika?

- Já, mjög
- Já
- Nei
- Alls ekki
- Tillögur?

Telur þú að niðurstöður vinnusmiðjunnar verði notaðar með þýðingarmiklum hætti við ákvarðanatöku um líffræðilega fjölbreytni?

- Já, ég hef mikla trú á því
- Já
- Nei
- Alls ekki
- Ráðleggingar?

Myndir þú vilja taka þátt í ferli sem þessu aftur í framtíðinni?

- Alls ekki, þetta er tímasóun
- Kannski
- Algjörlega!

→ Tengill á stafrænan spurningalista fyrir viðbótarspurningar
<https://nmrn.wufoo.com/forms/zkjsqq129da7j/>



Norðurlandaráð
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

Vinum saman að alþjóðlegum samningi fyrir náttúru og fólk - Ungt fólk virkjað til að setja markmið um líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi og sjálfbæra notkun

Um heim allan krefst ungt fólk aðgerða til að vernda plánetuna okkar. Árið 2020 verður nýr alþjóðlegur samningur fyrir náttúru og fólk samþykktur, en þar verða sett markmið um verndun og varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa jarðar. Það er afar mikilvægt að raddir ungs fólks heyrist þegar þessi nýju markmið eru sett, þar sem þetta hefur ekki aðeins áhrif á núlifandi kynslóðir, heldur einnig komandi kynslóðir og lífsviðurværi þeirra.

Við Norðurlandabúar viljum tryggja að raddir unga fólksins heyrist og því höfum við þróað þetta verkfærasett til að gera ungu fólki kleift að taka þátt í að setja ný markmið um verndun og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa og þar með tryggja nýjan alþjóðlegan samning fyrir náttúru og fólk! Verkfærasettið stendur ungu fólki til boða og þeim sem vilja hvetja ungt fólk til að þróa nýjan alþjóðlegan samning fyrir náttúru og fólk. Öllum sem vilja skipuleggja, greiða fyrir og taka þátt í slíku samráði við ungt fólk er frjálst að nota verkfærasettið. Hægt er að koma niðurstöðunum á framfæri við handhafa ákvörðunarvalds, almenning og viðeigandi stofnanir sem hluta af fjöldahreyfingu ungmenna um allan heim.

Markmiðið er að aðstoða ungt fólk, ungmennasamtök og aðra hópa við að efna til samtala um lykilatriði nýja samningsins fyrir náttúru og fólk og að tryggja traustar niðurstöður úr vinnusmiðjum ungs fólks.

Verkfærasettið var þróað í náinni samvinnu við Norðurlandaráð, Norrænu ráðherranefndina og ungt fólk á Norðurlöndum.

Auk verkfærasettsins stendur til boða handbók um skipulagningu vinnusmiðja og samráðs. Handbókinni er ætlað að veita skipuleggjendum vinnusmiðja og samráðs upplýsingar og leiðbeina þeim við undirbúning vinnusmiðjanna. Þetta er sveigjanleg og valfrjáls handbók sem hægt er að nota í ýmsum aðstæðum.

Handbók: um skipulagningu samráðs við ungt fólk

Vinum saman að alþjóðlegum samningi fyrir náttúru og fólk

<http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:norden:org:diva-5689>